


Selfossi, 23. mars 2017  
1605097

Til sveitarfélaga í Árnessýslu

Varðar: Samstarfshóp vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga

Hjálagt sendi ég ykkur samning sem gerður var við KPMG vegna verkefnisins, dags. 20. janúar 2017, afgreiðslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á styrkbeiðni, dags. 13. mars s.l., fundargerð síðasta fundar starfshópsins frá 7. febrúar s.l. og tillögu KPMG að texta sem sveitarfélögin gætu notað vegna bókanar til kynningar á verkefninu.

Virðingarfyllst,



Ásta Stefánsdóttir  
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar



KPMG ehf.  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Vefsíða www.kpmg.is

## Samningur um sérfræðiþjónustu

Samningur þessi er á milli ráðgjafarsviðs KPMG ehf., kt. 590975-0449, hér eftir nefnt „KPMG“ og Sveitarfélagsins Árborg, kt. 650598-2029 hér eftir nefnt „verkkaupi“ um þjónustu og þóknun KPMG vegna vinnu KPMG við sviðsmyndagerð í tengslum við mögulega sameiningu sveitarfélaganna í Árnassýslu; Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus. Samningurinn er m.a. byggður á samskiptum KPMG við Gunnar Þorgeirsson oddvita Grímsnes- og Grafningshrepps og tillögum KPMG að verklagi og kostnaðaráætlun dags. 20. desember 2016 og kynnt var fulltrúum sveitarfélaganna í Árnesi 16. janúar 2017. Sveitarfélögin hafa komið sér saman um að Sveitarfélagið Árborg annist samningagerð við KPMG vegna þessa verkefnis og fjárhagslega umsýslu þess.

### 1 Hlutverk KPMG

Hlutverk KPMG samkvæmt samningi þessum er að koma að stýringu og gerð sviðsmynda um mögulega framtíðarskipan sveitarfélaganna sem nýtt verði til kynningar í tengslum við kosningar um sameiningu sveitarfélaganna. Vinna KPMG fellst í að stýra verkefninu, annast fundahöld og draga fram tillögur, byggðar á viðtölum og fundum með hagaðilum og íbúum.

Verkefnið verður unnið í nánú samstarfi við samstarfsnefnd sveitarfélaganna átta. Gert er ráð fyrir að samstarfsnefndin verði sérfræðingum KPMG innan handar vegna framgangs og úrvinnslu verkefnisins. Vinna KPMG er þannig í tengslum og samstarfi við sveitarfélögin átta sem að verkefninu koma.

Vinna KPMG er frábrugðin, bæði í umfangi og markmiðum, frá hefðbundinni endurskoðun og sambærilegum skoðunum. Þess vegna mun KPMG ekki gefa út álit eða aðra staðfestingu á reikningsskilum eða innra eftirliti sveitarfélaganna í þessu verkefni. Í vinnu KPMG felst heldur engin staðfesting hvorki á afurðum né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem vísað er til.

### 2 Afurðir verkefnisins

Gert er ráð fyrir að KPMG skili skýrslu með samantekt verkefnis við verklok og glærुकynningum sem sveitarfélögin munu geta nýtt m.a. við íbúakynningar og undirbúning kosninga vegna mögulegrar sameiningar sveitarfélaganna.

### 3 Tímaáætlun

Verkefnið hefst strax og verkkaupi hefur samþykkt samning þennan. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2017.

### 4 Sérfræðingar KPMG

Með tilliti til eðlis verkefnisins hefur KPMG sett saman eftirfarandi sérfræðingahóp:

- Sævar Kristinsson, Senior Manager á ráðgjafarsviði, mun leiða verkefnið.
- Oddur Jónsson, Senior Manager á ráðgjafarsviði, sérfræðingur í rekstri sveitarfélaga.
- Björgvin Guðmundsson, Senior Manager á endurskoðunarsviði, og sérfræðingur í rekstri sveitarfélaga

ÁRBORG

Bnrnr: 00-73-3

Mótt: 29/17

Abm: A. Stei

Reykjavík

Mnt: 1605097

Ákðreyri

Reykjavík

Eglistaðir

Höfn

Reykjavík

Selfoss

Skagastránd

- Sesselja Árnadóttir, Senior Manager, sérfræðingur í sveitarstjórnar- og stjórnsýslurétti.
- Stefán Þór Helgason, Senior Associate á ráðgjafasviði mun koma að daglegri vinnslu.
- Sveinbjörn Ingi Grímsson, Associate á ráðgjafarsviði, mun aðstoða við daglega vinnslu.
- Benedikt K. Magnússon, Partner á ráðgjafarsviði, er ábyrgðarmaður verkefnisins.

Leitað verður til annarra sérfræðinga KPMG og utanaðkomandi aðila eftir þörfum. Samráð verður haft við verkkaupa um aðkomu utanaðkomandi aðila.

## 5 Þóknun KPMG

Þóknun KPMG byggir á vinnustundum starfsmanna við framkvæmd verkefnisins. Byggt á fyrirliggjandi upplýsingum og tillögum KPMG að verklagi og kostnaðaráætlun sem áður er getið, er áætlað að vinna sérfræðinga KPMG í verkefninu verði á bilinu 520 - 625 klst.

Áætlað meðaltímagjald sérfræðinga KPMG er kr. 18.800 auk vsk.

Ef umfang verksins vex á verk tímanum eða ef upp koma atriði sem leiða til þess að fyrirsjáanlegt er að verkið fari fram úr fyrrnefndri kostnaðaráætlun munu KPMG og verkkaupi ræða og semja um áhrif breyttra forsendna á þóknun. KPMG mun aðeins ráðstafa þeim tíma í verkefnið sem nauðsynlegur er í samræmi við samning þennan.

Reikningar verða sendir eftir því sem verkefninu miðar.

Útlagður kostnaður, s.s. ferða- og upphaldskostnaður verður innheimtur sérstaklega samkvæmt sundurliðun.

## 6 Trúnaður

Við framkvæmd verksins skal verkkaupi sjá til þess að KPMG hafi aðgang að öllum þeim gögnum sem teljast nauðsynleg vegna framgangs verksins, þar með talið aðgang að starfsfólki, gögnum, upplýsingakerfum og starfsstöðvum. KPMG mun meðhöndla allar upplýsingar frá verkkaupa sem trúnaðarupplýsingar og mun einungis afhenda slíkar upplýsingar þeim starfsmönnum KPMG sem sinna þeirri þjónustu við verkkaupa sem skilgreind er í samningi þessum. Þetta á ekki við um þær upplýsingar sem KPMG ber skylda til að láta af hendi samkvæmt lögum og reglum eða í samræmi við faglega staðla, né heldur þær sem teljast til eða munu teljast til opinberra upplýsinga.

## 7 Takmörkun á skaðabótaskyldu

Skaðabótaskylda KPMG gagnvart verkkaupa vegna hugsanlegs beins eða óbeins tjóns sem hann verður fyrir og er afleiðing af þjónustu KPMG í tengslum við þetta verkefni er takmörkuð. Skaðabótaskyldan takmarkast við tvöfalda þóknun sem verkkaupi greiðir KPMG fyrir verkefnið.

## 8 Ýmislegt

KPMG ehf. hefur um árabíl verið endurskoðandi sveitarfélaganna Flóahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og jafnframt stofnana og byggðasamlaga sem þeim tengjast. Gætt verður að öllum kröfum siðareglna endurskoðenda og lögð verður sérstök áhersla á að KPMG veiti ekki ráðgjöf sem skapar hættu á því að koma KPMG í þá stöðu að endurskoða eigin vinnu, sbr. kafla 290.165 og 290.166 í siðareglum endurskoðenda. Í því ljósi er það hlutverk sveitarfélaganna átta að taka allar umtalsverðar ákvarðanir tengdar þjónustu KPMG í þessu verkefni, meta árangur þjónustunnar og taka ábyrgð á þeim aðgerðum

sem leiða af þjónustunni. Þjónusta KPMG felst í því að gefa sveitarfélögunum færi á því að taka ákvarðanir á grundvelli hlutlægrar og gegnsærrar greiningar og framsetningar á fyrirliggjandi upplýsingum.

Allar ákvarðanir teknar á grundvelli vinnu KPMG í verkefninu eru því á ábyrgð verkkaupa og annarra sem málið kann að varða.

Um atriði sem ekki koma fram í samningi þessum er vísað til almennra viðskiptaskilmála KPMG sem eru meðfylgjandi í viðauka.


Breytingar á samningi þessum skulu gerðar skriflega og samþykktar af aðilum sem til þess hafa lagalega heimild.

Um samning þennan gilda íslensk lög og er heimilt að reka ágreining hans vegna fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur náist ekki samkomulag milli aðila.

Reykjavík, 20. janúar 2017


Ég hef lesið og skil þá skilmála sem samningur þessi og viðauki við hann felur í sér. Í viðauka eru „Almennir viðskiptaskilmálar KPMG“. Ég hef heimild til að undirrita fjárskuldbindingar fyrir hönd verkkaupa og samþykki ég samninginn og skilmála hans með undirritun minni.

F.h. KPMG ehf.



Benedikt K. Magnússon, Partner


F.h. verkkaupa



Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri  
Sveitarfélagsins Árborg



Sævar Kristinsson, Senior Manager



Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grimsnes- og  
Grafningshrepps

## Viðauki

## Almennir viðskiptaskilmálar

Þessir almennu viðskiptaskilmálar gilda um þjónustu sem KPMG veitir viðskiptavin samkvæmt samningi sem felur í sér að skilmálarnir gildi og sem skjalfestir að þjónustan verði veitt („samningurinn“).

**Skilgreiningar**

Hér fyrir neðan er tilgreind merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem oft koma fyrir í þessum almennu viðskiptaskilmálum, og skulu þau þannig skilin hvarvetna þar sem þau koma fyrir í samningnum:

**Þjónusta:** Sú þjónusta sem við veitum samkvæmt samningnum.

**KPMG eða við:** KPMG ehf. á Íslandi. Ekki er þá átt við KPMG International („KPMGI“) eða nokkurt annað aðildarfyrirtæki KPMG.

**Þú** (og beygingarform þess orðs): Sá eða þeir sem samningur er stílaður á og sem leitar samninga við okkur.

**Þjónustusamningur:** Þessir almennu viðskiptaskilmálar og samningurinn, ásamt þeim skjölum og skilmálum öðrum sem kunna að gilda um þjónustuna („viðbótarskilmálum“), og sem sérstaklega er vísað til sem slíkra í samningnum.

**KPMG-aðilar:** KPMG ehf. á Íslandi og hver og einn hluthafi, stjórnarmaður, starfsmaður eða umboðsmaður, eftir því sem við á, og hver sú stofnun eða lögpersóna sem við ráðum yfir eða eigum (þ.e. annað hvort aðili undir yferráðum eða undirleyfishafi), eða KPMGI eða annað aðildarfyrirtæki að KPMG, sem og hver og einn félagi þess aðila, hluthafi, meðlimur, stjórnarmaður, starfsmaður eða umboðsmaður.

**Félagi:** Hver sá KPMG-aðili sem ber titilinn hluthafi eða „félagi“ (án tillits til lagalegrar stöðu hans) eða er meðlimur KPMG-aðila sem er sameignarfélag með takmarkaðri ábyrgð. Orðið „meðlimur“ skal skilið í samræmi við þetta.

**Landslög:** Lög Íslands.

**Dómstólar landsins:** Íslenskir dómstólar.

**Aðrir réttthafar:** Hver sá einstaklingur eða stofnun (að þér undanskildum) sem tilgreind er í samningnum að eigi rétt á þjónustunni eða einhverjum afurðum hennar.

**Þjónusta okkar og skyldur**

1. Í samningnum skal greina hvaða þjónustu við munum inna af hendi og tengd málefni. Þessir almennu viðskiptaskilmálar eru háðir breytingum ef samningurinn kveður á um það.
2. Þjónustan skal innt af hendi svo vel og vandlega sem eðlilegt er að krefjast.
3. Séu einstakir starfsmenn nefndir í samningnum munum við af sanngirnri leitast við að tryggja að þeir vinni viðkomandi

störf. Við megum þó fela verk öðrum jafnhæfum eða sambærilega hæfum, en munum áður ráðfæra okkur við þig.

4. Meðan þjónustan er veitt kunnum við að verða áskynja um upplýsingar sem eru viðkvæmar fyrir starfsemi þína eða málefni („trúnaðarupplýsingar“). Hvað þær varðar munum við fylgja landslögum, löglega settum reglum eftirlitsaðila okkar og öðrum þeim kröfum varðandi trúnað sem okkur ber að fylgja.

Okkur er rétt að fylgja öllum kröfum landslaga, eftirlitsaðila okkar og annarra yfirvalda sem okkur ber að lúta um að láta uppi trúnaðarupplýsingar. Að svo miklu leyti sem lög framast leyfa munum við ekki bera fjárhagslega eða aðra ábyrgð gagnvart þér á tapi, tjóni eða öðrum slæmum afleiðingum sem orsakast, koma fram eða tengjast því.

Grein þessi gildir ekki um trúnaðarupplýsingar sem löglega eru á almannavitorði eða þegar láta ber þér uppi samkvæmt lögum eða dómsúrskurði. Grein þessi bannar okkur ekki að láta uppi trúnaðarupplýsingar þegar við viljum láta þær í té váttryggingafélagi okkar eða ráðgjöfum í tengslum við starfsábyrgð, en okkur er einungis heimilt að gera þetta í trúnaði, eða að láta þær í té öðrum KPMG-félögum eins og þörf kann að vera á til að láta þjónustuna í té eða í tengslum við venjubundið gæðaeftirlit.

Í tengslum við markaðssetningu, auglýsingu eða sölu á þjónustu okkar kunnum við að vilja skýra frá því að við höfum unnið fyrir þig, þar á meðal með veitingu þjónustunnar, og megum við þá tilgreina þig með nafni, en aðeins almennt eðli viðkomandi verks (eða þjónustunnar), og einstök atriði sem upplýsingar um eru löglega á almannavitorði.

5. Þegar þjónustu lýkur kunnum við að veita ráðgjöf skriflega eða staðfesta munnlega ráðgjöf skriflega, eða veita skriflega lokaskýrslu eða munnlega greinargerð. Ef þú vilt treysta á munnlega ráðgjöf eða greinargerð við þjónustulok ber þér að skýra okkur frá því, og munum við þá veita skriflega staðfestingu á viðkomandi ráðgjöf.

Áður en þjónustu lýkur kunnum við að veita munnlega ráðgjöf, skýrslur eða greinargerðir til bráðabirgða eða til ákveðins tíma, en skrifleg ráðgjöf okkar eða skrifleg lokaskýrsla skal gilda í slíkum tilvikum. Þú getur ekki treyst á ráðgjöf, skýrslu eða greinargerð sem veitt er til bráðabirgða eða tímabundið.

6. Hvernig sem á stendur er okkur ávallt óskytt að uppfæra ráðgjöf, skýrslu eða einhverja afurð þjónustunnar, hvort sem hún er munnleg eða skrifleg, til aðlögunar að atvikum

sem orðið hafa eftir að ráðgjöfin, skýrslan eða afurðin hefur verið afhent í endanlegri mynd.

7. Þú samþykkir og staðfestir að:
  - 7.1 Án tillits til forms hennar eða miðils er hver afurð þjónustunnar sem þér er afhent veitt þér eingöngu í þína þágu og til þinna nota.
  - 7.2 Ef þú lætur af hendi einhverja afurð þjónustunnar, að hluta eða öllu leyti, til þriðja aðila, ber þér að tilkynna viðkomandi aðila skriflega eftirfarandi:
    - Að vinna okkar hafi verið fyrir þig og eingöngu í þína þágu í samræmi við þínar staðreyndir og aðstæður og samkvæmt ákvæðum þjónustusamnings.
    - Afurðin hafi ekki verið ætluð til og megi ekki nota fyrir aðra til að treysta á og að því marki sem lög framast leyfa tökum við enga fjárhagslega eða aðra ábyrgð gagnvart þeim í tengslum við þjónustuna.
8. Ekki skal líta svo á að ráðgjöf, álit, yfirlýsing um væntingar, spá eða tilmæli sem við kunnum að veita sem hluta þjónustunnar feili í sér neins konar ábyrgð á að við höfum ákvarðað eða sagt fyrir um atvik eða aðstæður í framtíðinni.

#### Eignarréttur

9. Höfundarréttur og allur annar hugverkaréttur að afurðum þjónustunnar, hvort sem hún er veitt munnlega eða í efnislegu formi, skal haldast í okkar eigu, svo og eignarréttur að vinnuskjölum okkar. Þú öðlast eignarrétt að afurð þjónustunnar í efnislegu formi við greiðslu til okkar fyrir afurðina. Í því skyni að veita þér og öðrum viðskiptavinum þjónustu er okkur og öðrum KPMG-aðilum rétt að nota, þróa og skiptast á þekkingu, reynslu og verkunnáttu sem aflast hefur við veitingu þjónustunnar. Þér er ekki heimilt að afrita einkennismerki okkar (logo) í nokkru formi eða með nokkrum miðli nema með fyrirfram veittu samþykki okkar.

#### Greiðslur til okkar

10. Við munum gefa út reikninga vegna þjónustunnar er samanstanda af þóknun, útlögðum kostnaði og sköttum, þar með töldum vörslusköttum er bætast við þar sem við á („greiðslur til okkar“). Nánari atriði um greiðslur til okkar og sérstaka greiðsluskilmála, ef um það er að ræða, skal tilgreina í samningnum. Þóknun okkar skal byggð á ábyrgð KPMG-aðila við veitingu þjónustunnar, hæfni þeirra, þeim tíma sem veiting þjónustunnar tekur, eðli hennar, og hversu flókin hún er. Útlagður kostnaður er innheimtur á grundvelli reikninga, svo sem vegna aksturs eða annars ferðakostnaðar. Greiðslur til okkar kunna að verða aðrar en áætlað hefur verið eða gefið upp, til dæmis ef viðbótarpóknun eða útlagður kostnaður stafa af því að okkur hafa ekki verið veittar nauðsynlegar upplýsingar til að láta þjónustuna í té.
11. Gegn veitingu þjónustunnar ber þér að inna af hendi greiðslur til okkar (að því marki sem landslög heimila án réttar til frádráttar eða skuldajafnaðar) þegar reikningur er

lagður fram eða á þeim tíma öðrum sem tilgreindur kann að vera í samningnum.

- 11.1 Ef vanskil verða getum við lagt dráttarvexti á ógreitt fé samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á grundvelli laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda þeir vextir fyrir jafnt sem eftir að dómstóll tekur ákvörðun eða kveður upp dóm um ógreitt fé okkur í hag.
- 11.2 Sé þjónustusamningi sagt upp eða hann felldur úr gildi tímabundið eigum við rétt á að fá útlagðan kostnað fram að þeim tíma endurgreiddan og þóknun fyrir unna vinnu ásamt virðisaukaskatti (eftir því sem við á). Í slíkum tilvikum skal þóknun okkar fyrir unna vinnu miðast við títmagjald þegar hún var unnin, á þeim grundvelli sem kveðið er á um í lið 10.
- 11.3 Sé samningurinn stílaður á fleiri en einn aðila, án þess að kveðið sé þar á um að greiðslur til okkar skuli greiddar af einum ykkar eða af þriðja aðila, skal hver ykkar um sig bera fulla óskipta ábyrgð á greiðslum til okkar, jafnt sem sameiginlega ábyrgð, og getum við þá krafðið hvern ykkar um sig og alla saman um fulla greiðslu.

#### Skyldur þínar

12. Þrátt fyrir skyldur okkar og ábyrgð varðandi þjónustuna ert þú ábyrgur fyrir eftirfarandi, og ber þér að svara fyrir það:
  - 12.1 stjórn, starfsemi og rekstur fyrirtækis þins og málefna,
  - 12.2 ákvörðunum um hvernig skuli nýta ráðgjöf, tilmæli eða aðrar afurðir þeirrar þjónustu sem við veitum, og að hvaða marki þú vilt byggja á þeim eða framkvæma þær,
  - 12.3 ákvörðunum sem hafa áhrif á þjónustuna, afurðir þjónustunnar, hagsmuni þína og málefni,
  - 12.4 afhendingu, öflun eða nýtingu hvers kyns hagræðis sem beint eða óbeint tengist þjónustunni og þarfnast aðgerða af þinni hálfu.
13. Þegar þú ferð fram á það eða þegar þjónustan er þess eðlis að hagkvæmara má telja fyrir okkur að vinna í húsnæði þínu og með tölvu- eða símkerfi þínu ber þér að ganga úr skugga um að allt hafi verið gert til að fá aðgang, tryggja öryggi og gæta vírusvarna, og að aðstaða, leyfi og samþykki liggi fyrir eins og þörf kann að vera á, okkur að kostnaðarlausu.

#### Upplýsingar

14. Svo að okkur sé unnt að veita þjónustuna skalt þú þegar í stað veita allar upplýsingar og aðstoð, og fullan aðgang að skjölum í þinni eigu, umsjá eða umráðum, svo og að starfsfólki sem þú hefur yfir að segja, þegar þess er óskað af okkar hálfu. Þú skalt af fremsta megni leitast við að útvega slíkt þegar það er ekki í þinni eigu, umsjón eða yfirráðum. Þú skalt láta okkur í té vitneskju og skýra okkur frá atvikum sem þú kannt að verða áskynja um og kunna að varða þjónustuna. Þú skalt veita okkur þær

upplýsingar sem við kunnum að óska eftir svo að við getum fullnægt skyldum okkar samkvæmt landslögum um skýrslugjöf til yfirvalda varðandi peningþvætti og önnur afbrot sem við kunnum að verða vör við þegar þjónustan er veitt og kunna trúnaðarupplýsingar að vera þar á meðal.

15. Við megum byggja á munnlegum eða skriflegum fyrirmælum, beiðnum, tilkynningum og upplýsingum frá hverjum þeim sem við vitum eða teljum með rökum að hafi heimild þína til að eiga samskipti við okkur í því skyni.
16. Við megum eiga samskipti við þig með tölvupósti þegar þar til bær fulltrúi þinn óskar þess, og með samþykki þínu á slíkum samskiptamáta tekur þú þá áhættu sem óhjákvæmilega fylgir honum, svo sem á að skeyti komist í annarra hendur, að heimildarlausir aðilar fái aðgang að því, á brenglum og á veirum eða öðrum skaðvöldum, og að þú munir framkvæma veiruleit.
17. Er við látum þjónustuna í té getum við tekið við upplýsingum frá þér eða öðrum. Svo sem landslög framast leyfa berum við ekki ábyrgð gagnvart þér á tapi eða tjóni þínu sem stafar af sviksamlegu atferli, rangfærslum, því að þagað er yfir atvöldum sem varða þjónustuna eða öðrum ágöllum á slíkum upplýsingum, hvort sem þeir eru þín sök eða annarra upplýsingagjafa, nema hið sviksamlega atferli, rangfærslan, þögnin eða ágallinn sé okkur augljós án frekari athugunar.
18. Eftirfarandi skilgreiningar gilda í liðum 18–22:
  - „**Vinnuhópur**“ merkir þá KPMG-aðila, hvern um sig eða alla sameiginlega, sem fást við að veita þjónustuna.
  - „**Aðrir KPMG-aðilar**“ merkir þá KPMG-aðila, hvern um sig eða alla sameiginlega, sem ekki tilheyra vinnuhópnum.
  - „**Hindranir**“ merkir öryggisráðstafanir, sem ætlað er að gera vernd á hagsmunum hvers viðskiptavinar auðveldari og kunna til dæmis að felast í aðskildum vinnuhópum, að vinnuhópar séu aðskildir á starfsstað og starfssviði, og/eða að hömlur séu á aðgangi að gögnum, tölvupjónum og tölvupóstkerfum.
19. Ekki skal ætlast til þess af vinnuhópnum, búist við því eða litið svo á að hann hafi nokkra þá vitneskju sem aðrir KPMG-aðilar hafa og ekki er kunn honum.
20. Ekki skal ætlast til þess af vinnuhópnum að hann nýti sér eða skýri þér frá nokkrum upplýsingum, hvort sem þær eru kunnar þeim sem hann skipa eða öðrum KPMG-aðilum, sem trúnaður ríkir um gagnvart öðrum viðskiptavinum.
21. KPMG-aðilar kunna að veita þjónustu, eða vera beðnir um að veita þjónustu, öðrum aðila eða aðilum sem hafa hagsmuna að gæta eða keppa við hagsmuni þína eða eru þeim andstæðir („andstæður aðili“ eða „andstæðir aðilar“).
22. KPMG-aðilum er og skal vera frjálst að veita andstæðum aðilum þjónustu, en séu hagsmunir andstæðs aðila

sérstaklega og beinlínis andstæðir hagsmunum þínum hvað snertir efni þjónustunnar

- skal vinnuhópurinn ekki veita andstæða aðilanum þjónustu, og
- aðrir KPMG-aðilar skulu aðeins veita andstæðum aðila þjónustu ef viðeigandi hindranir eru reistar. Nýting þeirra í raun skal fela í sér að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja raunhæfa hættu á að trúnaðarskylda okkar gagnvart þér sé brotin.

Við leitumst við að verða áskynja um andstæða aðila við aðstæður sem kveðið er á um í þessum lið 22. Ef þú veist eða verður áskynja um að KPMG-aðili veiti eða hyggist veita andstæðum aðila ráðgjöf skalt þú strax skýra okkur frá því.

### Þjónustusamningur

23. Í þjónustusamningi kemur allt fram sem um er samið á milli þín og okkar varðandi þjónustuna Breytingar á þjónustusamningnum verður að gera skriflega og undirrita af þar til bærum fulltrúum beggja. Komi fram misræmi milli samningsins og einhverra annarra hluta þjónustusamningsins skal samningurinn gilda.

### Aðstæður sem þú hefur ekki vald yfir

24. Ekkert okkar sem fellur undir skilgreiningu á KPMG eða KPMG-aðila skal talið hafa vanefnt samningsbundna skyldu sína, og skulum hvorki við né þú bera nokkra ábyrgð gagnvart hinum, ef þér eða okkur reynist ógerlegt að standa við þjónustusamninginn af ástæðum sem við eða þú verðum með sanngirni ekki talin hafa vald á.

### Eftirgjöf, framsal og undirverktaka

25. Ef eitthvert okkar sem fellur undir skilgreiningu á KPMG eða KPMG-aðila neytir eða beitir ekki rétti sem okkar er, skal það ekki talið fela í sér eftirgjöf á neinum rétti sem eitthvert okkar á tilkall til.
26. Hvorki við né þú megum framselja til annars aðila þau réttindi eða þær skyldur sem af þjónustusamningnum leiðir nema hinn aðilinn hafi veitt til þess skriflegt samþykki.
27. Við eigum rétt á að tilnefna undirverktaka okkur til aðstoðar við að veita þjónustuna, en séu slíkir undirverktakar ekki KPMG-aðilar ber okkur að ráðfæra okkur við þig áður en það er gert. Þegar við tilnefnum undirverktaka í hvaða tilgangi sem er varðandi þjónustusamninginn samkvæmt þessari grein skal litið svo á að verk þeirra sé hluti þjónustunnar.

### Takmörkun ábyrgðar okkar

Í eftirfarandi liðum 28–33 lýsum við því hvernig ábyrgð okkar gagnvart þér í tengslum við þjónustusamninginn kann að vera útilokuð, takmörkuð eða hlutfallsleg, og tilgreinum hvert þér ber að beina hugsanlegum kröfum þínum.

28. Ábyrgð okkar í tengslum við þjónustuna takmarkast eins og í þessari grein segir.

Svo sem landslög framast leyfa og með fyrirvara um ákvæði liða 30 og 31 í þessum viðskiptaskilmálum

- skal heildarábyrgð hvers KPMG-aðila og allra þeirra gagnvart þér og öðrum réttshöfum,
- hvernig sem hún er til komin eða á hvaða grundvelli,
- á hverju því beina tapi eða tjóni sem þú (eða hver slíkur annar aðili) verður fyrir af þjónustunni eða í tengslum við hana,
- hvernig sem hinu beina tapi eða tjóni hefur verið valdið, þar á meðal sakir gáleysis okkar,

vera takmörkuð við þá fjárhæð eða annan bótagrunn (ef um hann er að ræða) sem tilgreindur kann að vera í samningnum, en sé fjárhæð ekki tilgreind þar eða annar bótagrunnur vera takmörkuð við fjárhæð sem nemur tvöfaldr þeirri þóknun sem greiða ber okkur samkvæmt skilmálum samningsins á þeim grundvelli sem kveðið er á um í þessum lið 28.

29. Séu fleiri rétthafar að þjónustunni en einn („rétthafar“) skulu þeir skipta á milli sín þeirri takmörkuðu bótafjárhæð sem fallist er á samkvæmt þessum lið. Skal enginn rétthafi bera brögður á gildi, framkvæmanleika eða verkun þessarar greinar á þeim forsendum að ekki hafi verið þannig samið um slíka skiptingu eða að sá hluti hinnar takmörkuðu bótafjárhæðar sem fallist er á og kemur í hlut einhvers rétthafa sé óeðlilega lágur. Í þessum lið merkja „rétthafar“ bæði þig og aðra rétthafa.

30. Með þeim fyrirvara að heildartakmörkun ábyrgðar samkvæmt lið 29 sé ávallt í gildi og svo sem landslög framast leyfa skal ábyrgð KPMG-aðila takmörkuð við þann hluta heildartaps eða heildartjóns sem sanngjarnt er og eðlileg eftir að tekið hefur verið tillit til eigin sakar þinnar eða annarra rétthafa, ef um það er að ræða, miðað við að hvaða marki KPMG-aðilum vcrður um viðkomandi tap eða tjón kennt og að hvaða marki aðrir aðilar eru einnig eða kunna að vera ábyrgir gagnvart þér eða öðrum réttshöfum fyrir sama tapi eða tjóni.

31. Við samþykkingum það hagræði sem felst í takmörkunum samkvæmt liðum 28, 29 og 30 hér að ofan fyrir okkar hönd og í umboði hvers og eins KPMG-aðila sem kann eða kynni að taka þátt í veitingu þjónustunnar.

Engin ákvæði í þessum almennu viðskiptaskilmálum sem á einhvern hátt leiða eða kunna að leiða til útilokunar eða takmörkunar á ábyrgð okkar skulu leiða til útilokunar eða takmörkunar á ábyrgð sem ekki er heimilt að útiloka eða takmarka að landslögum.

32. Þú og aðrir rétthafar skuluð ekki hafa uppi kröfur gegn neinum öðrum KPMG-aðila en viðsemjanda þínum á vegum KPMG í tilefni af tapi eða tjóni þínu eða annars rétthafa sem stafar af þjónustunni eða stendur í tengslum

við hana, nema landslög meini þér að hafa uppi kröfur gegn okkur í okkar sameiginlega nafni eða fyrirtækisnafni. Heimili landslög slíka takmörkun munum við ekki byggja á því að hún útiloki eða takmarki ábyrgð KPMG-viðsemjandans sem heildaraðila eða fyrirtækis á athöfnum eða athafnaleysi einhvers annars KPMG-aðila sem tekur þátt í að veita þjónustuna.

33. Þér ber að bæta okkur og öðrum KPMG-aðilum, endurgreiða og vernda okkur gegn hverju því tapi, tjóni, útgjöldum eða ábyrgð sem við eða þeir verða fyrir, sem verða vegna eða í tengslum við eftirfarandi aðstæður:

- 33.1 Hvers konar brot þín gegn skyldum þínum samkvæmt þjónustusamningi og hvers kyns krafa sem þriðji aðili eða annar rétthafi gerir eða hótar að gera og leiðir af, orsakast af eða tengist slíku broti, eða

- 33.2 Hvers konar afhending þín á afurðum þjónustu okkar, í hluta eða heild, til þriðja aðila án þess að tilkynning hafi verið send samkvæmt lið 7 í þessum viðskiptaskilmálum, að því er varðar ráðgjöf eingöngu til þinna hagsmuna og nota, nema ef við höfum samið við slíkan þriðja aðila um að hann axli hvers kyns ábyrgð, fjárhagslega sem aðra, að því er varðar þjónustu okkar og afurð sem þeir fá afhenta frá þér.

#### Réttindi þriðju aðila

34. Með þjónustusamningnum er ekki stofnað til eða stefnt að því að stofna til nokkurra réttinda til handa þriðja aðila. Þriðji aðili á engan rétt til að framfylgja eða byggja á neinu ákvæði þjónustusamningsins sem berum orðum eða samkvæmt túlkun þess veitir eða kann að veita þriðja aðila einhvern rétt eða réttindi, beint eða óbeint. Útilokað skal vera að beita settum lögum sem gefa eða veita þriðja aðila samningsbundinn rétt eða annan rétt í tengslum við þjónustusamninginn. Enginn KPMG-aðili telst vera þriðji aðili í skilningi þessa liðar 34.

#### Tímamörk krafna

35. Kröfu þína eða annars rétthafa í tilefni af tapi eða tjóni er leiðir af þjónustusamningnum eða orsakast af eða tengist honum, hvort sem er innan eða utan samninga, samkvæmt lögákveðnum bótareglum eða öðru, verður að gera

- hafi þjónusta verið innt af hendi, innan fjögurra ára frá þeim degi er henni lauk,
- hafi þjónustusamningi verið sagt upp eða hann felldur úr gildi, innan fjögurra ára frá því er það gerðist,
- hafi tap eða tjón leitt eða orsakast af því að við höfum heimildarlaust látið í té trúnaðarupplýsingar, innan fjögurra ára frá þeim degi er vitneskjan var heimildarlaust látin í té,

og í hverju slíku tilviki skal miða við þann dag þegar tilefni varð til málshöfðunar (innan eða utan samninga, samkvæmt lögákveðnum bótareglum eða öðru). Hvað þennan lið varðar er litið svo á að krafa sé gerð þegar úrlausnarmeðferð er hafin, fyrir dómi eða annars staðar.



**Uppsögn**

36. Hvor aðili getur hvenær sem er sagt upp þjónustusamningnum eða numið hann úr gildi um tíma með fyrirframgefinni skriflegri tilkynningu til hins aðilans með 30 daga fyrirvara. Uppsögn eða tímabundið brottfall úr gildi samkvæmt þessum lið hefur ekki áhrif á nein réttindi sem annar hvor aðili kann að hafa öðlast áður en uppsögnin eða brottfallið á sér stað, og allt það fé sem greiða ber okkur og reiknað er samkvæmt lið 11.2 skal að fullu verða gjaldkræft þegar uppsögn eða tímabundið brottfall kemur til framkvæmdar.

**Atvik eftir samningslok**

37. Að því marki sem landslög framast leyfa skulu ákvæði þessara almennu viðskiptaskilmála gilda áfram þó að þjónustusamningur renni út eða honum sé sagt upp.

**Hvort einhver ákvæði verði aðskilin frá öðrum**

38. Hver liður eða skilmáli í þjónustusamningnum er aðskilið og sjálfstætt ákvæði. Dæmi dómur eða annar þar til bær valdhafi eitthvert ákvæði þjónustusamningsins ógilt eða óframkvæmanlegt skulu önnur ákvæði halda fullu gildi og vikni að því marki sem landslög framast leyfa.

**Hæfi**

39. Þú samþykkir og fellst á ákvæði þjónustusamningsins fyrir þína hönd og annarra réttihafa. Þú skalt gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja að aðrir réttihafar geri í athöfnum sínum ráð fyrir að þeir séu aðilar að þjónustusamningnum, eins og þeir hefðu sjálfir undirritað eintak af samningnum og fallist á að vera bundnir honum. Engu að síður ert aðeins þú ábyrgur fyrir greiðslum til okkar.
40. Við veitum því viðtöku að þú fellst á og samþykkir skilmála þjónustusamningsins (að undanskildum liðum 28, 29 og 30 hér á undan) fyrir okkar hönd og í umboði hvers og eins KPMG-aðila og þeirra allra.

**Íslensk lög um endurskoðendur**

41. Þjónustusamningurinn skal ekki í neinum atriðum hefta endurskoðanda, sem starfar hjá KPMG á Íslandi, eða KPMG á Íslandi, við að rækja hvers konar skyldur eða skuldbindingar sem íslensk lög um endurskoðendur gera honum eða KPMG á Íslandi að hlíta, eða banna að þær séu ræktar.

**Lög og dómsvald**

42. Landslög, þ.e. íslensk lög, gilda. Deilum sem rísa vegna samningsins ráðningunni eða tengjast honum, og sem aðilar geta ekki leyst með samningum er unnt að vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.



Sveitarfélagið Árborg  
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri  
Austurvegi 2  
800 Selfossi

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 13. mars 2017

Tilv.: IRR17020010/21.13.1

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 3. febrúar sl. var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi starfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu. Í erindinu er óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði til að mæta kostnaði vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögum og framkvæmdar atkvæðagreiðslu sveitarfélaganna á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003. Í erindi sveitarfélaganna kemur fram að áætlaður kostnaður vegna könnunar, kynningar og atkvæðagreiðslu sameiningarinnar muni nema allt að 23.065 þús. kr.

Eftir að hafa farið yfir framlögð gögn um áætlaðan kostnað vegna verkefnisins samþykkti ráðgjafarnefndin úthlutun framlags að hámarki 23.065 þús. kr.

Framlagið greiðist eftir framvindu verkefnisins og áföllnum kostnaði.

Fyrir hönd ráðherra

  
Guðni Geir Einarsson

  
Tinna Dahl Christiansen

**Starfshópur vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í  
Árnessýslu, 3. fundur haldinn þriðjudaginn 7. febrúar 2017 kl. 14 í Ráðhúsi  
Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi.**

**Mætt:**

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi,  
Árni Eiríksson, Flóahreppur,  
Guðmundur Ármann Pétursson, Grímsnes- og Grafningshreppi,  
Ingibjörg Harðardóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi,  
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi,  
Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi,  
Valtýr Valtýsson, Bláskógabyggð,  
Njörður Sigurðsson, Hveragerði,  
Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerði,  
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði,  
Eydís Þ. Indriðadóttir, Flóahreppi,  
Kristófer Tómasson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi,  
Rósa Matthíasdóttir, Flóahreppi,  
Björgvin Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi,  
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg.  
Guðmundur Oddgeirsson, Sveitarfélaginu Ölfusi,  
Ásta Stefánsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, sem ritaði fundargerð.

Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fór hann yfir stöðu mála. Samið hefur verið við KPMG með fyrrivara um staðfestingu Jöfnunarsjóðs á styrkveitingu. Sótt var um framlag til sjóðsins og kynning KPMG á verkefninu send sem fylgiskjal. Formlegt svar hefur ekki borist, en starfsmaður sjóðsins upplýst að erindið hafi verið samþykkt. Minnt var á að rætt hafði verið í Árnesi að taka fundargerðir, samning KPMG og svar Jöfnunarsjóðs fyrir í öllum sveitarfélögum með sameiginlegri bókun.

Fulltrúar KPMG, þeir Sævar Kristinsson og Stefán Þór Helgason, sátu fundinn. Fram kom að KPMG þurfi að fá tengiliði hjá sveitarfélögum varðandi fjárhagslegar upplýsingar. Rætt var um ferli málsins skv. sveitarstjórnarlögum. Tillögur þarf að taka fyrir í sveitarstjórnnum og viðhafa tvær umræður með viku millibili. Síðan þurfa að líða tveir mánuðir áður en kjósa má um tillögu. Ef niðurstaða nefndarinnar er að gera ekki neitt þá er málið ekki unnið lengra, en ef niðurstaðan verður sú að leggja fram tillögu um sameiningu þarf þetta ferli og þá æskilegt að kosið yrði í október/nóvember, a.m.k. fyrir áramót.

KPMG mun senda út lista yfir þau atriði sem þarf að fá upplýsingar um vegna stöðugreiningarinnar. Tekin verða viðtöl við 4-5 einstaklinga úr hverju sveitarfélagi. Gerð verður skoðanakönnun, sem verður rafræn. Rafrænir „spurningavagnar“ verða sendir á netföng allra sveitarstjórnarmanna og einnig settir „linkar“ á vefi allra sveitarfélaganna. Hægt er að þýða þetta á erlend tungumál og nálgast þá sem ekki geta svarað í gegnum tölvu. Að þessu loknu verður fundur með öllum sveitarstjórnarfulltrúum allra sveitarfélaganna. Fundur þessi mun standa í tvo daga, frá hádegi til hádegis og verða haldinn í lok apríl. Á fundinum verður farið yfir sviðsmyndir. Íbúafundir verða haldnir eftir miðjan maí. Áætlað er að starfshópurinn hittist næst í júní og taki stöðuna á verkefninu. Sævar mun gera drög að tímaáætlun og senda sveitarfélögum.

Fundi slitið kl. 16:00.

## Ásta Stefánsdóttir

---

**From:** Kristinsson, Sævar <skristinsson@kpmg.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 23. mars 2017 09:30  
**To:** Gunnar Þorgeirsson; Ásta Stefánsdóttir  
**Cc:** Helgason, Stefán Þór  
**Subject:** Texti fyrir sveitarfélög til bókuunar

Sæl Gunnar og Ásta,  
Eftirfarandi texti gæti hentað til að skerpa á bókunum hjá sveitarfélögum vegna sameiningarvinnunnar.

Í kjölfar þess að sveitarfélögin öll í Árnessýslu ákváðu að kanna með kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna var leitað til KPMG til að stýra verkefninu. Það verður gert með sviðsmyndavinnu þar sem leitast verður við að horfa til framtíðar og rýna hvernig samfélag íbúa og atvinnulífs í Árnessýslu geti þróast í framtíðinni og ekki síður með tilliti til þeirra skylda og krafna sem gerðar verða til sveitarfélaganna. Í þessu vinnuferli verður mikið lagt upp úr samtali við íbúa og sveitarstjórnarmenn til að greina helstu drifkrafta í starfsumhverfi sveitarfélaganna í Árnessýslu og móta í kjölfarið ólíkar (yfirleitt 3-4) sviðsmyndir um hugsanlega þróun, bæði með og án sameiningar.

Undirbúningur og gagnaöflun er þegar hafinn og felst m.a. í viðtölum við íbúa, rafrænum könnunum og fjárhagslegri greiningu. Í vor verða svo haldnir vinnufundir með sveitastjórnarmönnum og einnig íbúafundir. Reiknað er með að niðurstöður vinnunnar verði kynntar haustið 2017.

Bestu kveðjur,  
Sævar

 **Sævar Kristinsson | Senior Manager/ Verkefnastjóri | ráðgjafarsvið**  
Sími: 545 6331 | GSM: 824 2424 | [skristinsson@kpmg.is](mailto:skristinsson@kpmg.is)

### KPMG Ráðgjöf

Veitir fyrirtækjum alhliða ráðgjafarþjónustu. [Lestu um](#) hvernig við getum aðstoðað þig með þitt fyrirtæki.

---

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt. Allar skoðanir og öll ráðgjöf sem þessi tölvupóstur inniheldur eru háð skilmálum og skilyrðum ráðningarbréfs milli KPMG og viðskiptavinarins.

\*\*\*\*\*

The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized. If you are not the intended recipient, any disclosure, copying, distribution or any action taken or omitted to be taken in reliance on it, is prohibited and may be unlawful. Any opinions or advice contained in this email are subject to the terms and conditions expressed in the governing KPMG client engagement letter.

\*\*\*\*\*